



## **Foreldra- og starfsmannakannanir í leikskólunum Sólborg og Eyrarskjóli 2014-2017**

Reglulega eru gerðar foreldra- og starfsmannakannanir fyrir skóla sveitarfélagsins, eftirfarandi niðurstöður eru frá Skólapúlsinum og starfsmannakönnunum sem gerðar voru hjá Ísafjarðarbæ á leikskólanum Sólborg og hjá Hjallastefnunni á leikskólunum Eyrarskjóli, árin 2014-2016. Mismunandi fyrirkomulag var haft á könnununum, sem gerir okkur erfiðara fyrir að keyra saman niðurstöðurnar, en samræmd könnun verður gerð á leikskólunum árið 2018.

### **Foreldrakannanir**

Foreldrakannanir á leikskólanum Eyrarskjóli frá árunum 2014-2016 sýna að almenn ánægja meðal foreldra með leikskólann var undir landsmeðaltali 2015 og mældist eitthvað minni 2016 eða 5,4 (8,4). Foreldrar voru almennt ánægðari en gengur og gerist á landinu með samskipti við starfsfólk Eyrarskjóls, í báðum könnunum 2015 og 2016. Almennt þykir foreldrum andinn í leikskólanum góður og að börnunum líði þar vel.

Upplýsingamiðlun til foreldra jókst úr 5,0 upp í 8,5 milli áruna 2015-16, en í fyrri könnuninni hafði komið fram að foreldrum fannst að upplýsingaflæðið mætti vera meira.

**Engin foreldrakönnun var gerð á Eyrarskjóli 2016-17.**

### **Starfamannakannanir**

Í niðurstöðum starfsmannakannana á leikskólanum Eyrarskjóli, þá hefur starfsánægja aukist á milli ára og mældist hún yfir landsmeðaltali 2016. Starfsandi skólans mældist yfir landsmeðaltali (5,0) og fór úr 5,6 í 5,8 2015-2016. Almennt eru starfsmenn frekar jákvæðir gagnvart starfi sínu og telja að samvinna milli starfsfélaga góða. Starfsmann eru frekar ánægðir með leikskólastjóran sem faglegan leiðbeinanda og finnst þeim hafi góðan aðgang að upplýsingum er varðar starfið. Það kom einnig fram að starfsfólki finnst að minnka þurfi vinnuálag í skólanum.

## **Sólborg**

### **Foreldrakannanir**

Í niðurstöðum foreldrakannana á leikskólanum Sólborg, frá árunum 2014-2015 þá kemur fram að foreldrar voru almennt ánægðir með leikskólann 8,1 sem er við landsmeðalta (8,1) Svörum foreldrakönnunar 2015-16 á Sólborg náði ekki þeim viðmiðum sem þarf svo hægt sé að birta niðurstöður og engin könnun var gerð 2016-17

Þegar kemur að samskiptum við starfsfólk er ánægja foreldra barna á Sólborg að mælast undir landsmeðaltali 9.0 (9,5). Upplýsingamiðlun til foreldra var betra en gengur og gerist á landsvísu eða 7,2 (6,3)

**Engin foreldrakönnun var gerð á Sólborg 2016-17**

## **Starfamannakannanir**

Í niðurstöðum starfsmannakannana á leikskólanum Sólborg hefur starfsánægja aukist mjög milli kannana 2014-2016 en þar hefur starfsánægja og starfsandi farið úr því að vera undir landsmeðaltali í að vera yfir landsmeðaltali. Starfsmenn voru á heildina litið ánægðir í starfi hjá sveitarfélaginu eða um 90% þátttakenda. Þeir vita til hvers er ætlast af þeim og álit þeirra skiptir máli. Könnunin sýndi að borin er umhyggja fyrir starfsmönnum og þeir hvattir til að þróast í starfi en skora þó ekki eins hátt og æskilegt væri og því eru þar sóknarfæri þó mældust þættir eins og hrós og endurgjöf og vinnuálag á aðgerðarbili

GB